# SKÝRINGAR

ALMENNT

STAÐLAR

ÖLL VINNA OG UMBÚNAÐUR SKAL VERA SKV. LAGNASTÖÐLUM ÍST-DS432, IST-68, ÍST-DS439 OG ÍST-67.

ÞÁ SKAL OG GÆTA SAMRÆMIS VIÐ ÁKVÆÐI GILDANDI BYGGINGAREGLUGERÐAR OG HOLRÆSAREGLUGERÐAR.

ALLT LAGNAEFNI SKAL VERA VOTTAÐ AF RB

AH = AFFALL HITAVEITU
BK = BAÐKER
BR = BRUNNUR
EV = ELDHÚSVASKUR
GN = GÓLFNIÐURFALL MEÐ LOFTLÁSI
GNF = GÓLFNIÐURFALL MEÐ GEGNUMSTREYMI
HL = HANDLAUG
HR = HREINSISTÚTUR
NF = NIÐURFALL
RV = RÆSTIVASKUR
SB = STURTUBOTN
SN = SVALANIÐURFALL
SV = SKOLVASKUR
UL = ÚTLOFTUN
UV = UPPÞVOTTAVÉL
ÚK = ÚTIKRANI
VL = VATNSLÁS
VS = VATNSSALERNI
ÞN = þAKNIÐURFALL
ÞV = þVOTTAVÉL

UTANHÚSS

LAGNIR Í JÖRÐ

LAGNAEFNI ER PVC "POLYVÍNILCHORID". ÖLL RÖR ÞÉTTIST MEÐ ÞAR TIL GERÐUM GÚMMÍHRINGJUM.

LÁGMARKHALLI Á FRÁRENNSLISLÖGNUM ER 20 o/oo, Á REGNVATNSLÖGNUM 10 o/oo OG JARÐVATNSLÖGNUM 5 o/oo.

KALDAVATNSHEIMÆÐ

KALDAVATNSÆÐ SKAL VERA PE "HIGH DENSITY POLYETHYLENE" SBR. DIN 8074, ÞRÝSTIÞOL 6 KG/CM2 OG SKAL LEGGJA HEIMÆÐINA Í Ø50 PE ÍDRÁTTARRÖRI FRÁ HÚSI AÐ INNTAKI.

INNANHÚSS

FRÁRENNSLI

LAGNAEFNI ER PP "POLYPROPELYNE". ÖLL RÖR ÞÉTTIST MEÐ ÞAR TIL GERÐUM GÚMMÍHRINGJUM.

LÁGMARKHALLI Á FRÁRENNSLISLÖGNUM ER 20 o/oo.

VERKTAKI SKAL STAÐSETJA ALLA FRÁRENNSLISSTÚTA NÁKVÆMLEGA OG Í SAMRÆMI VIÐ VIÐKOMANDI HREINLÆTISTÆKI (STAÐSETN. TÆKJA Í SAMRÆMI VIÐ ARKITEKTATEIKNINGAR).

FESTINGAR Á LÁRÉTTUM PLASTLÖGNUM SKAL BIL MILLI ÞEIRRA VERA MEST 10xD OG MEST 15xD FYRIR LÓÐRÉTTA LÖGN, ÞAR SEM D ER YTRA ÞVERMÁL PÍPU.

EF STEYPA SKAL AÐ LÖGNUM Í HÆÐARSKILUM SKAL FYRST EINANGRA OG VEFJA ÞANNIG AÐ HLJÓÐLEIÐNI VERÐI SEM MINNST.

NEYSLUVATN

NOTA SKAL PEX, ÁL-PEX EÐA PB, PLASTPÍPUR "RÖR Í RÖR" KERFI.

þAR SEM LAGNIR ERU RÖR Í RÖR SKAL INNRI PÍPAN VERA MEÐ SÚREFNISHINDRANDI LAGI. TENGISTYKKI SKULU VERA ÚR AFZINKUNAR FRÍU EFNI,, SEM SÉRSTAKLEGA ERU GERÐ FYRIR RÖR Í RÖR KERFI. ÍDRÁTTARRÖR SKAL VERA ÚR PE (POLYETHYLENE). Á DEILIGRIND Í RÖR Í RÖR KERFI SKAL MERKJA SLÖNGUENDA ÞANNIG AÐ SJÁ MEGI HVERJU SLANGAN TENGIST.

VERKTAKI SKAL STAÐSETJA NÁKVÆMLEGA ALLA TENGISTÚTA, FARA SKAL EFTIR LEIÐBEININGUM FRÁ FRAMLEIÐANDA HREINLÆTISTÆKJA (STAÐSETNING TÆKJA Í SAMRÆMI VIÐ ARKITEKTATEIKNINGAR). STÚTARNIR SKULU FESTAST TRYGGILEGA OG NÁ MÁTULEGA LANGT ÚT FRÁ ENDANLEGUM VEGG. ÞÉTTA SKAL MEÐ ÖLLUM STÚTUM ÞANNIG AÐ ÞÉTTINGIN VERÐI VATNSHELD. YFIR ÖLL GÖT KOMI RÓSETTUR. KRANAR FYRIR HEITT VATN KOMI VINSTRA MEGIN OG KRANAR FYRIR KALT VATN KOMI HÆGRA MEGIN.

LAGNAKERFIÐ SKAL ÞRÝSTIPRÓFAÐ ÁÐUR EN LAGNIR ERU HULDAR. KERFIÐ SKAL PRÓFAÐ MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA ÞRÝSTINGINN Í 6 BÖR. SJÁ NÁNAR Á ÞAR TIL GERÐU BLAÐI FRÁ SÖLUAÐILA

OFNALAGNIR

PÍPUR Í TENGIGRIND OG AÐ DEILIKISTUM SKULU VERA ÚR ÁLPEXI MEÐ PRESSUTENGJUM EÐA PLASTHÚÐAÐ SVART STÁL MEÐ PRESSUTENGJUM SAMKV. DIN 2394.

þAR SEM LAGNIR ERU RÖR Í RÖR SKAL INNRI PÍPAN VERA MEÐ SÚREFNISHINDRANDI LAGI. TENGISTYKKI SKULU VERA ÚR AFZINKUNAR FRÍU EFNI, SEM SÉRSTAKLEGA ERU GERÐ FYRIR RÖR Í RÖR KERFI. ÍDRÁTTARRÖR SKAL VERA ÚR PE (POLYETHYLENE). Á DEILIGRIND Í RÖR Í RÖR KERFI SKAL MERKJA SLÖNGUENDA ÞANNIG AÐ SJÁ MEGI HVERJU SLANGAN TENGIST.

VERKTAKI SKAL STAÐSETJA NÁKVÆMLEGA ALLA TENGISTÚTA TIL TENGINGAR VIÐ OFNA. STÚTARNIR SKULU FESTAST TRYGGILEGA OG NÁ MÁTULEGA LANGT ÚT FRÁ ENDANLEGUM VEGG. ÞÉTTA SKAL MEÐ ÖLLUM STÚTUM ÞANNIG AÐ ÞÉTTINGIN VERÐI VATNSHELD.

OFNAR SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST-EN-442 OG ÍST-69, MINNSTA EFNISÞYKKT 1,2MM OG ÞRÝSTIÞOL 10 ATM. Á ÖLLUM OFNUM SKAL VERA STILLITÉ OG LOFTSKRÚFA. EF LOFTHITASTÝRÐIR (TÚR) KRANAR KOMA NÁLÆGT OPNANLEGUM GLUGGA EÐA SVALAHURÐ SKAL LÁTA ÞREIFARA UNDIR OFNINN SKV. LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA. STILLA SKAL KRANA (OKTAVA-BÖND) SKV. LEIÐBEININGUM FRAMLEIÐANDA. STÆRÐ OFNA MIÐAST VIÐ AÐ OFNINN SÉ 100-150MM INNAR EN GLUGGAHLIÐAR VIÐKOMANDI GLUGGA OG AÐ HÆÐ OFNANNA SÉ 100-150MM FRÁ GÓLFI OG FRÁ GLUGGAKISTU. ÞETTA SKAL SANNREYNA Á STAÐNUM ÁÐUR EN OFNAR ERU KEYPTIR.

LAGNAKERFIÐ SKAL ÞRÝSTIPRÓFAÐ ÁÐUR EN LAGNIR ERU HULDAR. KERFIÐ SKAL PRÓFAÐ MEÐ ÞVÍ AÐ SETJA ÞRÝSTINGINN Í 6 BÖR. SJÁ NÁNAR Á ÞAR TIL GERÐU BLAÐI FRÁ SÖLUAÐILA

## GÓLFGEISLI

GÓLFHITALAGNIR SKULU VERA ÚR PEXI MEÐ SÚREFNISHINDRANDI LAGI T.D. WIRSBO pePEX. TENGISTYKKI SKULU VERA ÚR AFZINKUNARFRÍU EFNI T.D. AMETAL FRÁ TA OG SÉRSTAKLEGA GERÐ FYRIR PEX RÖR.

GÆTA SKAL ÞESS AÐ GÓLFGEISLARÖRIN STANDI EKKI UPP ÚR GÓLFINU ÞANNIG AÐ ÞAU VERÐI FYRIR SÓLARLJÓSI.

LAGNAKERFIÐ SKAL ÞRÝSTIPRÓFAÐ ÁÐUR EN LAGNIR ERU HULDAR. LOKA SKAL FYRIR DEILIKISTUR, TÆKI OG BÚNAÐ SEM TENGIST GÓLFHITALÖGNUM. PRÓFUNARÞRÝSTINGURINN SKAL VERA 6BÖR OG STANDA Í 24 KLST ÁN ÞESS AÐ FALLA UM MEIRA EN 0,2BÖR. GÆTA SKAL VEL AÐ FROSTHÆTTU ÞEGAR VERIÐ ER AÐ PRÓFA.

## ELDVARNIR OG HLJÓÐEINANGRUN

Á ÓVARÐAR PLASTLAGNIR SEM FARA Í GEGNUM VEGGI EÐA HÆÐASKIL SKAL BRUNAVERJA ÞÆR ÞANNIG AÐ ÞAÐ UPPFYLLI BRUNAKRÖFUR VIÐKOMANDI BYGGINAHLUTA. ÞAÐ MÁ GERA T.D MEÐ ELDVARNARHERPIHÓLK.

FALLPÍPUR ÚR PLASTI SEM ERU INNI Í VEGG EÐA Í STOKK SKAL KLÆÐA MEÐ 2X13MM GIFSI. Í VEGGJUM SKAL ÞAÐ NÁ MINNST 300MM ÚT TIL BEGGJA HANDA.

HOLRÝMI VIÐ LAGNIR SKAL FYLLT MEÐ STEINULL OG VIÐ FALLPÍPUR SKAL HÚN FEST MEÐ VÍR.

FALLPÍPUR Í VIKURVEGGJUM EÐA Í EINANGRUN ÚTVEGGJA SKAL EINANGRA MEÐ 25MM STEINULL OG VEFJA MEÐ PLASTI EÐA NOTA ÁDRAG. YFIR ÞESSAR LAGNIR KEMUR RAPITNET OG MINNST 20MM MÚRHÚÐ.

LOFTRÆSING

ALLIR STOKKAR INNANHÚSS SKULU VERA ÚR GALVANISERUÐU BLIKKI. UPPHENGJUR SKULU VERA ÚR ÓBRENNANLEGU EFNI. GÆTA SKAL ÞESS AÐ EKKERT LOS SÉ Í FESTINGUM EÐA SAMSETNINGUM SEM GÆTI MYNDAÐ HÁVAÐA.

KANTAÐIR STOKKAR SKULU LANGLÁSAÐIR MEÐ PITTSBURG LÁS EN ÞVERSAMSKEYTI MEÐ FLÖNGSUM. ÞÉTTA SKAL SAMSKEYTI MEÐ ÞÉTTIBORÐA EÐA KÍTTI. SÍVALIR STOKKAR SKULU SPÍRALLÁSAÐIR OG SETTIR SAMAN MEÐ NIPPLUM. LÖGÐ ER ÁHERSLA Á ÞÉTTINGU STOKKA SÉ FRAMFYLGT Í HVÍVETNA.

INNTAKSSTOKKA SKAL EINANGRA MEÐ 50MM STEINULL, AÐRA STOKKA MEÐ 25MM STEINULL OG SETJA ÁLFÓLÍU UTAN UM ALLA STOKKA. ÞAR SEM BLÁSARAR ERU STAÐSETTIR, SKULU ÞEIR EINANGRAÐIR SEM BEST ÞANNIG AÐ SEM MINNST HLJÓÐ BERIST FRÁ ÞEIM.

INNSOGS- OG ÚTBLÁSTURSRISTAR SKULU VERA VATNS- OG RAKAÞÉTTAR.

K=HÆÐARKÓTI

## LAGNIR ALMENNT
1:20




## NEYSLUVATNS- OG OFNALAGNIR Í BOTNPLÖTU
1:10




## FRÁGANGUR LAGNA VIÐ UNDIRSTÖÐUR
1:20




Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Yfirfarið
07 NOV 2017
Byggingarfulltrúi

| Nr. | Dags. | Breyting | Af |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |

STEFÁN GUÐMUNDSSON
Hraungerði, 801 Selfoss
Sími: 864-2621, Netfang: mor@simnet.is

ÁRMÓTSFLÖT 5
FLÓAHREPPUR

LAGNIR
SKÝRINGAR

3366

| | | |
|---|---|---|
| Teikn. SG | Hönnuður aðaluppd. | |
| Dags: 20-09-17 | Mkv: 1:10/20/50 | Nr: L00 |
| Samþ. | Stefán Guðmunds. kt. 301171-4989 | |